Foreldrakönnun Skólapúlsins - 2013

Þátttökuhlutfall skólans er 78%. Lágmarkssvarhlutfall í könnunum Skólapúlsins er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 80% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegla mögulega ekki almennt viðhorf foreldra í skólanum.

Foreldrakönnun Skólapúlsins er notuð til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Engum persónuupplýsingum er safnað og ekki er hægt að sjá hver svaraði hverju. Könnunin er framkvæmd í febrúar ár hvert. Könnunin er gerð fyrir foreldra barna á öllum aldursstigum grunnskólans. Búið er til 120 foreldra líkindaúrtak.

Foreldrakönnunin mælir 41 þátt í fjórum flokkum. Flokkarnir eru:

Nám og kennsla

Velferð nemenda

Foreldrasamstarf

Heimastuðningur

Opnar spurningar, hvað er gott og slæmt við skólann

Styrkleikar

Flokkun í styrkleika byggir á því að 80% foreldra lýsi ákveðinni skoðun eða staðhæfingu

Nám og kennsla

- Foreldrar eru ánægðir með stjórnun skólans. 95% foreldra segja að þeir séu ánægðir með stjórnun skólans.

- Foreldrar (86%) telja að hæfileg þyngd sé á námsefni í skólanum.

- Foreldrar í Setbergsskóla (86%) telja að hæfilegur agi sé í skólanum.

- Foreldrar í Setbergsskóla (82%) telja að hæfileg áhersla sé lög á námsmat með hefðbundnum prófum.

Velferð nemenda

- Foreldrar (92%) eru ánægðir með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda

- Foreldrar (95%) telja að nemendum líði vel í skólanum

- Foreldrar (94%) telja að nemendum líði vel í kennslustundum

- Foreldrar (93%) telja að nemendum líði vel í frímínútum

Aðstaða og þjónusta

- Foreldrar (100%) eru ánægðir með sálfræðiþjónustu skólans

Foreldrasamstarf

- Foreldrar (97%) eru ánægðir með síðasta foreldraviðtal

- Foreldrar (84%) eru ánægðir með heimasíðu skólans

Heimastuðningur

- Foreldrar (81%) telja að heimavinna sé hæfileg

- Foreldrar (99%) eru mjög sammála því og frekar sammála að þeir nái vel til barna sinna þetta skólaár

- Foreldrar (92%) eru mjög sammála því og frekar sammála því að þeim gangi vel að hjálpa barninu sínu að læra

- Foreldrar (86%) eiga von á að barn þeirra ljúki grunnnámi í háskóla eða framhaldsnámi í háskóla

Nokkur atriði sem hafa ber í huga við niðurstöður könnunar

- Námsmat þarf að vera fjölbreytt. Mikilvægt er að námsmat byggist ekki eingöngu á hefðbundnum prófi

- Foreldrar eru ánægðir með hvernig tekið er á einelismálum. 77% foreldra í Setbergsskóla telja að mjög vel eða frekar vel sé tekið á einelismálum í skólanum

- Foreldrar vilja vera meiri þátttakendur í ákvörðunum sem tengjast skólanum

- Virkni foreldra í Setbergsskóla vegna náms barna þeirra er undir landsmeðaltali

- Foreldrar (53%) eyða meira en 15 mínútum að meðaltali á dag vegna heimanáms barns þeirra

- Í opnu spurningunum kemur fram almenn ánægja foreldra með skólann. Innra starf skólans er háð öllum þeim fjölmörgu aðilum sem koma að skólastarfinu, hver og einn er skiptir máli, raddir allra eru því mikilvægar

Matsteymi Setbergsskóla,
Herdís Danivalsdóttir, formaður
María Kristjánsdóttir,
Hrönn Bergþórsdóttir, skólastjóri